

Fundargerð 72. fundar Fræðslusjóðs
Mánudaginn 29. Janúar 2018 kl. 14:00 – 15:30
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Boðuð: Guðrún Ragnarsdóttir, Garðar Hilmarsson, Ingibjörg Ösp Kristjánsdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Kristín Þóra Harðardóttir, Jón Fannar Kolbeinsson, Halldór Grönvold, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (mætti við lið 3)

Gestur undir lið 2. Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA

Forföll: Ársæll Guðmundsson

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Athugasemd kom við lið 4. b. í fundargerðinni.

Samþykkt að formaður og framkv.stj. endurskoði orðalag fyrir næsta fund. Samþykkt fundargerðarinnar frestað til næsta fundar.

2. Kostnaður við raunfærnimat. Reynslan af breytingum á kostnaðarlíkani – Haukur Harðarson

Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA kynnti niðurstöður af úttekt á framkvæmd raunfærnimats og áhrif sem breytt greiðslufyrirkomulag hefur á kostnað. (Sjá fylgiskjal í fundargögnum – bætt við fundargögn á vefsvæði stjórnar eftir fundinn.) Þegar kostnaður við framkvæmd raunfærnimats árið 2016 er reiknaður á verðlagi ársins 2017 lækkar meðalverð pr. einingu úr um 9.100 í tæpar 5.800. Innleiðing nýs gæðakerfis er hafin og á það að styðja frekar við framkvæmdina.

Afram þarf að vinna að því að auka skilvirkni kerfisins og gera það fært um að takast á við nýjar greinar. Upp hafa komið hugmyndir um að ráðgjafaviðtal verði hluti af raunfærnimat, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um slíkt.

3. Starfsáætlun Fræðslusjóðs 2018 (Sjá í fundargögnum)

Kynnt. Engar athugasemdir komu fram.

4. Tilnefningar í úthlutunarnefnd þróunarverkefna FS

Almennt gerðu stjórnarmenn ráð fyrir að fulltrúar þeirra yrðu þeir sömu og 2017.

Fulltrúar ASÍ og BSRB verða þeir sömu og á síðasta ári.

Frá ASÍ – Eyrún Björk Valsdóttir

Frá BSRB – Guðríður Sigurbjörnsdóttir

Frá SÍS – Berglind Eva Ólafsdóttir

Frá SA - Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður

Starfsmaður FA verður nefndinni til aðstoðar eftir þörfum.

5. Aðsend erindi:

WA KE
A 2/18
107

- a. Erindi frá Starfsmennt (sjá í fundargögnum)
Úthlutun til Starfsmenntar stóð ekki undir framkvæmd á einni námsleið.
Samþykkt að veita sérstaka viðbót til að mæta því. Með því er Starfsmennt gert kleift að bjóða upp á námsleiðina.

6. Framtíðarpælingar um starf sjóðsins, stafrænu byltinguna etc.(sjá í fundargögnum)

Framkv.stj. FA fór yfir samantekt starfsmanna FA á niðurstöðum málþings sem haldið var 7. sept. 2017 á Nauthóli.

Fram kom hugmynd um að stjórnir FA, Fræðslusjóðs auk starfsmanna FA eigi sameiginlegt samtal um hæfni til framtíðar; hugmyndir og leiðir. Lagt til að fundurinn verði um miðjan mars (vikunni fyrir dymbilviku).

Samþykkt að FA standi fyrir fundinum og sjái um boðun hans.

SA sendi GR minnisþunkta fundarins. GR yfirfari þá með það að markmiði að þeir verði gerðir aðgengilegir á vef FA og sendir til þátttakenda á málþinginu.

FA búi til tengil á svæði stjórnar þar sem safnað verði saman gögnum og greinum um efnið.

7. Önnur mál

- a. Svanhildur, f.h. mnrn greindi frá því að mnrn leggur FA til 5 milljónir til úttektar á framkvæmd á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati á síðustu fjórum árum. Úttektinni skal lokið 15. maí 2018.
- b. Jón Fannar Kolbeinsson tilkynnti að þetta væri síðasti fundur hans sem stjórnarmanns, þar sem hann er að hverfa til annarra starfa. Var honum þakkað fyrir samstarfið s.l. ár.
- c. Svanhildur sagði frá fyrsta fundi samráðshóps sem skipaður hefur verið til að móta framtíðarsýn framhaldsfræðslu fram til 2030. Niðurstöður fundarins verða settar á vefsvæði samráðshópsins.

Svanhildur K. Þorvaldsson

Kortur Þorvaldsson

Svanhildur K. Þorvaldsson

Gert Hilmarsson

Hallgrímur Árnason

Magnhildur Þsp Stefánsd.